

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. desember 2005 2005110180

Með bréfi dags. 7. nóvember sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 31. mál, hlutfall fjármagnstekjuskatts.

Frumvarp þetta fjallar fyrst og fremst um ákvörðun skatthlutfalls. Af hálfu flutningsmanna frumvarpsins er það fyrst og fremst rökstutt með kröfu um jafnræði við skattlagningu tekna og nauðsyn á samræmingu á skattlagningu fjármagnstekna og annarra tekna m.a. með hliðsjón af skattlagningarreglum annarra landa. Ríkisskattstjóri vill og vekja athygli á atriðum þessa máls er snerta skattframkvæmd.

Reynslan sýnir að misræmi í skattlagningu tekna eftir eðli þeirra eða heiti leiðir til tekjuhliðrunar, þ.e. að tekjum er umbreytt með einum eða öðrum hætti, löglega eða ekki, úr einni tekjutegund í aðra í þeim tilgangi að lækka skattgreiðslur. Möguleikar til slíkra tilfærslna eru afar mismunandi eftir störfum manna og stöðu. Tilhneigingar þessarar hefur gætt í vaxandi mæli síðan sérstökum fjármagnstekjuskatti var komið á og einkum síðan að tekjuskattur hlutafélaga var lækkaður úr 30% í 18%. Fram til þess var samanlagður skattur af hagnaði hlutafélags og arði eða söluhagnaði um 37% ($100 \cdot 30\% + 70 \cdot 10\%$). Jaðarskattur á launatekjur var þá um 40 - 45% að hátekjuskatti meðtöldum. Mismunurinn var því 3 - 8% auk tryggingagjalds. Eftir breytinguna er heildarskattlagning hagnaðar af rekstri hlutafélags um 26% ($100 \cdot 18\% + 82 \cdot 10\%$) en skattur á launatekjur um 38% auk þess sem þær bera tryggingargjald. Mismunurinn er því um 12% auka tryggingagjalds. Með þeirri breytingu sem frumvarpið leggur til myndi þetta misræmi minnka allnokkuð en þó vera til staðar þar sem heildarskattlagning rekstrarhagnaðar hlutafélags yrði tæp 33% ($100 \cdot 18\% + 82 \cdot 18\%$) og mismunurinn um 5% auk tryggingagjalds. Frá sjónarmiði skattframkvæmdar yrði sú breyting sem lögð er til mikið til bóta þótt hún leysi ekki að fullu þann vanda sem af misræminu stafar.


Hvað sérstakt frítekjumark gagnvart fjármagnstekjum varðar má hafa í huga að þegar um vaxtatekjur er að ræða koma nafnvextir til skattlagningar en þeir geta verið til muna hærri en raunvextir. Á það fyrst og fremst við um almenna sparireikninga, launareikninga, tékkareikninga og aðra reikninga með lágar fjárhæðir. Nafnvextir af þeim hafa á undanförunum árum verið lægri en verðbólugustigið. Í þeim tilvikum er því ekki verið að skattleggja raunverulegar tekjur heldur er gengið á eignir. Sérstakt frítekjumark myndi leysa

úr þeim vanda eða a.m.k. gera mönnum kleyft að losna undan honum. Þetta á hins vegar ekki við í sama mæli um arð, söluhagnað og leigutekjur. Frítekjumarkið mætti því takmarka við vaxtatekjur eða hafa það eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og líta svo á að með því sé verið að skapa nokkurn stíganda í skattlagningu fjármagnstekna hliðstætt því sem gerist með persónuafslátt gagnvart launatekjum.

Skattlagning vaxtatekna með frítekjumarki myndi leiða til þess að staðgreiðsla fjármagnstekna yrði óákvæmari en nú er. Með hliðsjón af tiltölulega lágrí skattfjárhæð af tekjum undir frítekjumarkinu, mest 21.600 kr, ætti þó að vera viðunandi að taka staðgreiðslu af öllum tekjunum og gera leiðréttingu við álagningu skatta. Oftekin staðgreiðsla myndi þá ganga upp í eftirálagða skatta eða koma til útborgunar. Slíkt fyrirkomulag myndi væntanlega stuðla að því að vaxtatekjur yrðu betur taldar fram en nú er.

Með hliðsjón af þeim atriðum sem að framan greinir verður að líta svo á að breytingar í þá átt sem frumvarpið leggur til yrðu til samræmingar og myndu bæta skattframkvæmd.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson
Ríkisskattstjóri